

141. löggjafarþing 2012–2013.  
Þingskjal 489 — 133. mál.  
3. umræða.

## Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála.

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið sem vísað var til hennar eftir 2. umræðu. Nefndin fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá innanríkisráðuneyti, Stefán Pálsson og Helga Jóhannesson frá Siglingastofnun og Gunnar Gunnarsson frá Vegagerðinni. Færð voru rök fyrir því að meira svigrúm þyrfti til breytinganna áður en nýjar stofnanir tækju til starfa.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

### BREYTINGU:

Í stað orðsins „janúar“ í 1. og 2. mgr. 20. gr. komi: júlí.

Alþingi, 24. október 2012.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir,  
form.

Róbert Marshall,  
frsm.

Arna Lára Jónsdóttir.

Mörður Árnason.

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

